

MINNISBLAÐ

Sérstakar húsaleigubætur

Á fundi bæjarráðs 12. febrúar sl. var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

1502221 - Húsaleigubætur, breyting á reglum

Fulltrúar Samfylkingar og VG óska eftir upplýsingum um tilurð og feril breytinga á reglum um úthlutun á almennu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ og sérstakar húsaleigubætur frá 3. maí 2005 með síðari breytingum, sem virðast hafa átt sér stað um síðustu áramót án þess að fyrir lægi sérstakt samþykki bæjarstjórnar.

Óskað er skriflegs svars á næsta fundi bæjarráðs.

Í ljósi málsmeðferðarinnar samþykkir bæjarráð að leita álits innanríkisráðuneytisins á því hvort framkvæmd breytinganna hafi verið í samræmi við lög, samþykktir eða reglur sem kunna að eiga við um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráðsmenn Sjálfsstæðisflokksins og Bjartar framtíðar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fjölskylduráð mun að gefnu tilefni taka málefni sérstakra húsaleigubóta til skoðunar á fundi sínum þann 13. febrúar næstkomandi.

Meðal þess sem rýna þarf er stjórnisýslufrákvæmd við ákvarðanatöku um breytingu á umræddum fjárstuðningi í desember síðastliðnum í tengslum við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Farið verður yfir reglur og fjárhæðir sem um sérstakar húsaleigubætur gilda og hvaða verklag hefur verið viðhaft varðandi ákvarðanir sem teknar hafa verið um ákvæði og úthlutun sérstakra húsaleigubóta. Óskað hefur verið eftir áliti frá velferðarráðuneyti og samráð haft við lögfræðisvið Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ráðið mun einnig kalla eftir ítarlegum samanburði á umgjörð sérstakra húsaleigubóta milli sveitarfélaga, þar sem kjör í Hafnarfirði eru borin saman við sambærileg sveitarfélög.

Við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015 voru m.a. lagðar fyrir fjölskylduráð hugmyndir um breytingar á viðmiðum vegna sérstakra húsaleigubóta. Á fundi ráðsins þann 22. október 2014 var farið yfir mögulegar breytingar á viðmiði og samþykkti ráðið að hækkunin yrði um 10.000. kr. eða úr rúmlega 47.000 kr í 58.000.- kr. Þessi ákvörðun byggði á því að það lágu fyrir upplýsingar þess efnis að verið væri að greiða hærri sérstakar húsaleigubætur í Hafnarfirði en í nágrennasveitarfélögum og ástæða væri til að taka skref til samræmingar bóta milli sveitarfélaga. Ekki var gerð sérstök bókun vegna þessarar breytingar. Hækkað viðmið var kynnt bæjarfulltrúum fyrir bæjarstjórnarfund þann 29. október 2014. Breytingarnar voru síðan staðfestar við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015. Í greinargerð með fjárhagsáætlun 2015 er gerð grein fyrir þessum breytingum. <http://www.hafnarfjordur.is/media/2015-2018/Greinargerð-med-fjarhagsaaetlun-2015---2018-.pdf>.

Reglur sveitarfélagsins um sérstakar húsaleigubætur voru í kjölfarið uppfærðar hvað varðar lágmarksupphæð leigutaka. Að öðru leyti voru reglurnar óbreyttar. [http://www.hafnarfjordur.is/media/fjolskylduthjonusta/Reglur-um-uthlutun-a-almennu-leiguhusnaedi-hja-Hafnarfjardarbae-og-serstakar-husaleigubaetur-\(2015\).pdf](http://www.hafnarfjordur.is/media/fjolskylduthjonusta/Reglur-um-uthlutun-a-almennu-leiguhusnaedi-hja-Hafnarfjardarbae-og-serstakar-husaleigubaetur-(2015).pdf)

Hafnarfjörður 16. febrúar 2015.

Rannveig Einarsdóttir,

sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Fylgiskjöl:

- Samanburður á sérstökum húsaleigubótum; Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjavík, Garðabær.
- Kynning fyrir bæjarstjórnarfund þann 29. október 2014.